

Frá ALÞEINGI

Rætt um hreppstjóra

Stjórnarfrumvarp til nýrra jarðræktarlaga væntanlegt

Á DAGSKRÁ Efri deildar í gær var fyrst til umræðu frumvarp stjórnarinnar um hreppstjóra en auk þess tvö minni frumvarp í tengslum við það, þ. e. a. s. frv. um breyting á meðferð einkamála og frv. um breyting á skipta lögum. Í Neðri deild var á dagskrá frv. um sildarverksmiðjur ríkisins, frv. um orlof, frv. um hafnargerðir og frv. um jarðræktarlög.

● EFRI DEILD

Hreppstjórnar.

JÓHANN HAFSTEIN dómsmála ráðherra fylgdi úr hlaði stjórnar frumvarpi um hreppstjóra. Fara



hér á eftir nokkur helstu atriðin úr ræðu hans. — Elzta félagslega heildin í þjóðfélagi okkar er hreppurinn. Grágás, sem er elzta lögbók Íslandinga, hefur nokkur ákvæði um skipan hreppa og hlutverk þeirra. Með setningu tíundarlaganna 1097 var og aukði við hlutverk hreppanna, er þeim var falið forysta í framfærslumálum þeirra tíma.

Sjálfstjórn hreppanna var þá mikil eða alger innan tiltekinnar marka, sem landslög settu, því ekkert stjórnvald var yfir þá sett fyrstu áldirnar eftir að land byggðist. Í þessu var m.a. fylgið hið sérstæða einkenni íslenskra þjóðveldisins forna.

Hrepparnir voru því undirstaða og uopphafið að sveitarstjórn hér á landi.

Við setningu Jónsbókar árið 1280 voru flest ákvæði Grágásar svo og eldri lagasetningar um framfærslu og aðra starfsemi hreppanna tekið upp í hana. Þó svo um aldir, að ákvæði Jónsbókar um hlutverk hreppanna haldust óbreytt á heita má til ársins 1781. Það ár var sú breyting gerð, að með konungsbráfi var allt vald í ýmsum málum efnis hreppanna svo sem í framfærslumálum, fengið í hendur sýslumönnum, en hreppstjórnar fóru með það vald í umboði þeirra. Síðan varð lítil breyting á skipan hreppsmála, þar til á árinu 1907, er ný sveitarstjórnar lög voru sett.

Löngjöld um sveitarstjórn á Íslandi hefur verið mjög dreifð, þar til nýlega, að sett voru heildarlög um þau efni. Komu þau til framkvæmda 1. jan. 1962. Ekki höfðu þau lög þó bein ákvæði um störf hreppstjóra og er því nauðsynlegt að setja þau nú.

Það er ekki ófróðlegt að rifja upp hessi atriði, sem rætt hefur verið, vegna þess að hér er fjallað um einn þeirra tiltöðulega fáu þátta í stjórnskiptum okkar, sem á sér óslitna ævafarna eðlavenju. Þótt nú á döngum sé stjórn sveitarmálaefna að vísu að miklu leyti í höndum oddvitanna og hreppsnefnda, eru störf hreppstjórnanna enn afar þýðingarmikil fyrir dreifbýlið.

Segja má, að nú á döngum brestir að mestu lagaákvæði um störf hreppstjóra. Helztu ákvæðin, sem í gildi eru um þau, eru í reglugerð frá 29. apríl 1880, en sem vænta má er sú reglugerð eigi lengur í sem beztu samræmi við starfsháttu nútíma þjóðfélags.

En á hinn bóginn er þó ljóst, að enn eru búskaparhættir og byggðaskipan okkar slík, að æskilegt er að viðhalda áfram þeirri skipan, að hreppstjórnar annist til tekin, óhjákvæmileg störf í þágu framkvæmdavaldsins og í þágu almennings. Er því nauðsyn á því, að setja nýjar reglur um störf hreppstjóra og að aðhæfa þau sem bezt nútíma aðstæðum og reyna þá jafnframt að hagnýta störf þeirra sem bezt, en kunnugt er, að fjöldi góðra og hæfra manna skipar þessar stöður í dag.

Hefur því orðið að ráði að semja frumvarp til laga um hreppstjóra, en launabót sú, sem fékkst til handa opinberum starfsmönnum hefur eigi nema að hluta náð til hreppstjórnanna.

Rakti ráðherrann síðan efni frumvarpsins og gerði grein fyrir því. Sagðist hann vona, að með þessu frumv. kæmist á betri skipan í þessum málum, ekki hvað sízt hvað varðar launamál hreppstjóra.

Ólafur Jóhannesson (F) kvað það vel farið, að þetta frumvarp væri komið fram. Ákvæðin um hreppstjóra væru orðin mjög úrelt og því væri brýn nauðsyn á endurbótum. Fann hann það helzt að frumvarpinu, að ákvæðin um valdsvið hreppstjóra mættu vera fyllri og ítarlegri.

Jóhann Hafstein sagði, að það væri gott, að fram hefði komið ábendingar um, að gera mætti frumvarpið fyllra. Samráð hefði verið haft við tvo sýslumenn um frumvarpið, þá Björn Fr. Björnsson og Ásgeir Pétursson. Tveir hreppstjórnar sætu í deildinni og væri gott að heyrja álit þeirra um frumvarpið.

Var síðan samþykkt að vísa frumvarpinu til 2. umr. um allsherjarnefndar.

Þá voru tekið til umræðu tvö fylgfrumvarp með ofangreindu frumvarpi, þ. e. a. s. um breyting á einkamála lögum og um breyting á skipta lögum og var samþykkt að vísa þeim til allsherjarnefndar og 2. umr. eftir að dómsmála ráðherra hafði gert grein fyrir þeim.

● NEÐRI DEILD

Í upphafi fundar þar var frá því skýrt, að Pétur Pétursson tæki sæti á Alþingi fyrir Alþýðu flokkinn, sem varamaður Benedikts Gröndals, sem er á förum til útlanda.

Sildarverksmiðjur ríkisins.

Frumvarp stjórnarinnar um breytingu á lögum um Sildarverksmiðjur ríkisins, þess efnis, að numin verði úr lögum forkaups réttur samningsbundinna viðskiptavina fyrir öðrum um mótöku sildar hjá Sildarverksmiðju um ríkisins, var til 3. umræðu og var það afgreitt til Efri deildar.

Orlof.

Guðlaugur Gíslason (S) formaður félags- og heilbrigðismála nefndar ræddi um frumvarp ríkis stjórnarinnar um hækkun orlofs úr 6% í 7%. Lagði hann til, að frumvarpið yrði samþykkt ó-

breytt til 3. umr. og var það gert.

Hafnargerðir.

Gísli Guðmundsson (F) gerði grein fyrir frumvarpi Framsóknarmanna, sem þeir hafa flutt um hækkun ríkisframlaga til hafnargerða.

Segir í þessu frumvarpi, að framlag ríkissjóðs til nokkurra helztu mannvirkja á sviði hafnargerða skuli vera 65% af kostnaði. Þá skuli ríkisstjórninni vera heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á 35% af kostnaði framangreindra

mannvirkja.

Emil Jónsson sjávarútvegs-málaráðherra sagði m.a., að það hefði torvelað til þessa, að ríkissjóður hefði hingað til verið á eftir með sitt framlag til hafnargerða á móti sveitarfélögum. Nú hefði verulega úr þessum málum bætt, með því að gert væri ráð fyrir því á fjárlögum, að veita 20 millj. kr. til þessara mála. Þá upplýsti ráðherrann, að endurskoðun hafnarlaga stæði fyrir dyrum.

Gísli Guðmundsson sagðist vera ánægður með, að hafnarlögin væru í athugun og að vænta mætti frumvarps til nýrra hafnarlaga.

Jarðræktarlög.

Ágúst Þorvaldsson (F) gerði grein fyrir frumvarpi um breytingu á jarðræktarlögum, sem Framsóknarmenn hafa lagt

fram. Sagði hann m.a., að Alþingi og ríkisstjórn yrðu að gefa gaum þeim atvinnuvegi, sem gerði okkur kleift að búa í landinu, en það væri landbúnaðurinn, því að ef hans nyti ekki við, þá væri ekkert aflmuðyrggi til í landinu.

Ingólfur Jónsson landbúnaðar-ráðherra sagði, að það hlyti að hafa farið fram hjá Ágústi, að ríkisstjórnin hefði áður verið búin að lofa því að gera gangskör að nýjum jarðræktarlögum og nú væri verið að vinna að frumvarpi til þeirra. Væri þetta frumvarp samið í samráði við bændasamtökin í landinu og myndi það verða flutt næstu daga.

Hann sagði enn fremur, að þegar Framsóknarmenn létu af völdum, þá hefði orðið að flytja inn smjör, en nú á þessu ári hefðu verið flutt út 500 tonn af því og þyrfti sennilega að flytja út meira. Þannig væri landbúnaðarframleiðslan stöðugt að aukast.

Framhald á bls. 23.

Syrpa um sýningar

Listasafn Íslands:

Að undanfögnu, meðan prentarar hvíldu sig, hefur ýmislegt gerzt í sýningarlífi Reykjavíkur borgar. Fyrst skal nefna þá eftir tektarverðu sýningu, sem nú er í Listasafni Íslands. Þar gefur að líta þau verk, sem safnið hefur keypt undanfögnu fjögur ár og ekki hafa hengið þar á veggjum áður. Það má sjálfst gæta lengi um það deila, hvaða verkum skuli bætt við Listasafnið, en eitt má fullyrða, að meir hefur verið vandað til kaupa á listaverkum fyrir Listasafn Íslands nú seinustu árin, en áður var, meðan innkaup til safnsins voru í hönd um ráðs, sem hafði vægast sagt of mörgum eignum að sinna og átti að vera jafnvígt á alla menningu þessara þjóðar. Nú hafa sérfróðir menn annast innkaup, og sést það greinilega á því, hvað keypt hefur verið. Ég hefði óskert á nægju af að heim sækja Listasafn Íslands og skoða þessa sýningu, og eftir því sem ég best veit, hefur aðsókn að safninu stórkúð, síðan þessi sýning var opnuð. Það væri ánægjulegt, ef starfsemi safnsins lifnaði svo við, að maður ætti árlega von á einhverri sýningu, sem sæmði því hlutverki, sem safninu er að sjálfsögðu ætlað.

Listasafn eiga að vera lifandi þáttur í þjóðlífinu. Um allan heim keppast listasöfn við að ná til sem flestra með lifandi sýningum í öllum hugsanlegum stílum og frá öllum tímum. Maður opnar varla erlent blað svo að ekki séu fregnir af miklum viðburðum um allar álfur í myndlist, og það mætti segja mér, að aldrei hefði myndlistin átt athygli eins margra og raun ber vitni á vorum tímum. Það er skemmtilegt að líta inn á Listasafn Íslands þessa dagana.

Kjallarinn:

Svo nefnist nýtt sýningarhúsnæði í Hafnarstræti 1. Það er sérstaklega skemmtilegur staður. Gamall vörubúðir hefur verið gerður vistlegur og aðlaðandi á sérlega einfaldan hátt, og sannarlega væri skemmtilegt að sjá verulega góða sýningu í þessum húsakynnum. Þar er sýning á málverkum eftir Gísla Sigurðsson, og fara verk hans sérlega vel í þessu umhverfi. Þetta er ekki ósmekklegt sýning, en heldur ekki stórbrotin eða hrifandi. Gísli hefur sýnt ríkrar myndir áður, og ef ég man rétt, þá hefur hann mikið breytt. Litir hans eru mjúkir í brúnum og hvítum tönnum, en vantar þann kraft og spennu, sem gerir málverkið lifandi og magnað.

Gísli stílfærir fyrirmyndir sínar lipurlega, en samt er ég ekki viss um, að hann geri sér fulla grein fyrir því hvað er aðalatriði í myndbyggingu hvers verks. En eins og ég hef þegar sagt, fer þessi sýning ágætlega í þessum skemmtilega kjallara. Sem sagt ég tókst á loft við að sjá innréttinguna á þessu húsnæði hjá Sigurði Karlssyni.

Richard Valtingoer:

Í Bogasafnum var ungur Austurríkismaður með sýningu, Richard Valtingoer, það var ekki stórbrotleg sýning, en hún hafði menningarblæ. Valtingoer notar ákaflega milda liti, og það eru ekki neinar lúðrar, sem blásið er í. Þessi verk orkuðu rólega og einföld, en það vantaði eitthvað, til að maður kæmist í verulega snertingu við, hvað listamaðurinn vildi segja.

Gallery 16.

Tveir ungir menn hafa opnað sýningarstað á Klappargötu 16 og nefna aðsetur sitt Gallery 16. Þar eru verk eftir fjölda listamanna til sýnis í notalegum húsakynnum. Staðurinn er skemmtilegur, og það ætti að vera möguleiki á því fyrir þessa ungu menn að byggja þarna upp verulega miðstöð fyrir myndlist. Það vantar einmitt hér í borg stað þar sem hægt er að velja úr verkum listamanna, sem vinna að list sinni, oft á hinn ólíkasta hátt. Menn sem stunda listsköpun, en framleiða ekki eingöngu það sem hæfir óþroskuðum og láglúrulegum smekki fjöldans. Vonandi tekst þessum ungum mönnum að koma fyrir tækni sínu þannig fyrir, að þeir vinni þá sjálfsögðu glímu við gamla Mammón, sem ætíð fylgir slíkum fyrirtækjum til að byrja með. Gallery 16 er skemmtilegur staður og þar er hægt að setja upp ágætar sýningar, hvað stærð snertir. Fróðlegt verður að fylgjast með þróun þessara nýju sýningarstaða. Það er auðvitað undir því komið hvaða list verður sýnd á þessum stöðum, hvernig á þá verður litið í framtíðinni. Þetta er ágæt byrjun, en mikið og margt er sett á léreft á þessu landi og allt ríðir í vafasömum hlutum, svo meir sé ekki sagt.

Vilhjálmur Bergsson:

Þetta er þriðja sýning Vilhjálms Bergssonar, sem hann heldur nú í Listamannaskálanum. Því miður tekst honum ekki að sannfæra mig um listgildi verka sinna að þessu sinni, fremur en áður. Ég verð bókstaflega

að játa, að ég veit ekki, hvað hann er að fara að þessu sinni. Svo ólíkur er hann nú frá því er hann sýndi síðast. Sýning sú er hann hét í Bogasafnum fyrir nokkru var litsterk og unnin á allt annan hátt en þau verk er hann sýnir nú. Vilhjálmur malar nú allt í dökkum litum, aðallega svörtu og eftir minni kokkabók, hefur hann ekki það vald yfir þeim erfiða lit svörtu, sem til þarf, svo að hljórnirinn verði hreinn og skær. Súrealistískar sýnir virðast hafa náð taki á Vilhjálmi og færa þær mér heldur ekki neina ánægju. Þessi sýning olli mér nokkrum vonbrigðum. Það er ekki skemmtistarf að rita þannig um ungan listamann, sem er í sköpun, en það væri bjarnargreiði við listamanninn að vera með falskt smjafir og hól. Hér er eitthvað á ferð, sem Vilhjálmur verður að taka til nánari athugunar, ef hann ætlar sér árangur í framtíðinni.

Ásgerður Búadóttir:

Myndvefnaður eftir Ásgerði Búadóttur er þessa stundina í Bogasafnum. Hún er þegar orðin þekkt fyrir vefnað sinn, og ástæðulaust að kynna hana lesendum þáðsins. Ásgerður stundar vefnað sinn af miklu fjöri, og ekki er langt síðan hún hélt sýningu á verkum sínum.

Þetta er aðlaðandi sýning, og manni líður vel í návist þessara teppa. Litirnir eru bæði mjúkir og sterkir, samsettir af smekkvísi og hagkvæmni, en formið er ekki sérlega frumlegt eða áhrifa ríkt, er skyldara mynstri en formi í góðmetrískri myndbyggingu. Ásgerður velur sér rólega hrynjandi formsins fremur en andstæðu formsins. Hún gerir teppi sín á einfaldan hátt, og það kemur fyrir, að maður sakni þess, hve spennan er lítil í sjálfrí byggingu verksins. Ég hefði ánægju af að skoða þessa sýningu. Um tæknilega hlíð málsins þóir ég ekki að dæma. Þar er ég of ókunnugur aðferðum og efni, en ég efa ekki að Ásgerður veit hvað hún er að fara. Sauða litirnir íslensku, ætla að verða lönglifer í vefnaði okkar hér á landi. Það sér maður á verkum Ásgerðar Búadóttur.

Að lokum má geta þess til gamans, að sýningin í þessari borg fara fjölgandi ár frá ári, og er það fyrir sig ánægjulegt. En auðvitað er ekki allt gull sem glóir, og þar sem myndlist er stunduð að nokkru ráði, verður alltaf misjafn saður í mörgu fé. Nútíminn hefur margt að bjóða, og það getur verið að aldrei fyrr hafi vandinn að hafna og velja, verði jafn mikill og nú fyrir hinn almenna áhorfanda.

Valtýr Pétursson.